

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Seyðisfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	19.9.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	733381,426 538446,438

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd er gerð við umbúnað á áfyllingarplani.

UMFANG EFTIRLITS

Skeljungur rekur olíubirgðabirgðastöð fyrir gasolíu (AGO) og skipagasolíu (MGO) á Seyðisfirði. Alls eru í stöðinni fjórir olíugeymar, einn fyrir gasolíu (AGO) og þrjár fyrir skipagasolíu (MGO) með heildarrýmum samtals 480 m³. Geymarnir eru staðsettir í olíuheldri varnarpró, sem er steypst með steyptri botnplötu. Stöðin er staðsett á hættusvæði C gagnvart snjóflóðum og er hönnuð með tilliti til snjóflóða. Deiliskipulag hefur ekki verið útbúið fyrir olíubirgðastöðina.

Allir geymarnir eru álíka stórir, þrjár 121 m³ og einn 117 m³ að stærð. Á lóð birgðastöðvarinnar er auk þess aðstaða fyrir áfyllingu og losun olíuflutningabíla og annar búnaður í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 35/1994. Rigningarvatn úr mengunarvarnarpró og af áfyllingarplani fer um niðurföll til sandskilju/olíuskilju og beint út í sjó.

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Skeljungs á Seyðisfirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar í rekstrarhandbók var í lagi. Mæling á olíu í frárennsli stöðvarinnar fór fram í eftirliti og stöðst kröfur.

Geymar og lagnir í olíubirgðastöðinni í góðu lagi. Allir geymar botnþykktarmældir árið 2008 og einu lagnirnar í stöðinni eru inndælingarlagnir fyrir geymana og lagnir sem liggja út í dæluhús við hlið áfyllingarplans. Allar lagnir eru á lofti og auðvelt að framkvæma sjónskoðun á þeim.

Næst var skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olíuskilja og fráveitumál.

Áfyllingarplan stendur við bryggjukant og olíugeymar í pró þar fyrir innan. Ekki er nein brimvörn við stöðina og enn er hætt á að sjór, sandur og mól flæði inn á áfyllingarplan stöðvarinnar á stórstraumsflóði. Bryggjukantur hefur látið á sjá á milli síðustu eftirlitsferða.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru rekstrarhandbók.

Starsleyfi stöðvarinnar gildir til 31. janúar 2018.

ATHUGASEMDIR

Umbúnaður við áfyllingarplan

Vegna þess hve olíubirgðastöðin stendur lágt kemur það fyrir að sjór flæði inn á áfyllingarplanið með auknu álagi á olíuskilju stöðvarinnar. Sandur og mól berst ofan í olíuskiljuna. Farið er fram á aukna tíðni þjónustu við olíuskilju á meðan ekki hefur verið bætt út með brimvörn framan við olíubirgðastöðina.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.10.2017

Gottskálk Friðgeirsson